PScan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) $^1/_2$ verðsins borgist fyrfram, en $^1/_2$ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. ágúst 1919. | № 8.

Þingrof og kosningar.

Eins og kunnugt er, verður þingið rofið í haust. Stjórnarskrármálið verður samþykt og þá fara fram nýjar kosningar, að líkindum bráðlega á eftir. Við konurnar *verðum* að fara að búa okkur undir þær, og ekki láta þær verða svo *hneykslanlega* illa sóttar frá okkar hendi, eins og síðast, sem þó voru okkar fyrstu þingkosningar, sem líklegt hefði verið að við hefðum tekið mikinn og góðan þátt í.

Okkur til afsökunar má segja það, að mjög mikið skortir á að konur fái þá pólitisku fræðslu, sem nauðsynleg er. Þær eru byrjendur í því, að fara að hafa veg og vanda af öllum landsmálunum, og þekkja því ekki til hlýtar hvorki mál né stefnur og *stefnumun* Og þegar þess er gætt, að pólitíkin hjá oss er í svo mikilli óreiðu, að sjálfir foringjarnir vita oft hvorki upp né niður, þá er ekki að vænta að konurnar, sem eru að byrja sína pólitisku vegferð, séu fljótar að átta sig á ástandinu eins og það nú er. Þræðirnir eru allir komnir í bendu og ennþá hefir ekki tekist að greiða úr henni, hvort sem það tekst að nokkru fyrir kosningarnar.

Því miður hefir ennþá ekki verið unt af hendi kvenna að gera neitt til þess að hjálpa konum fram úr þessu moldviðri. Ekkert hefir heyrst annað en hin venjulegu slagorð gömlu flokkanna, sem altaf reyna að draga sem flesta á sitt band, og altaf verða því háværari og ákafari, sem nær dregur kosningum. Á kjördeginum eru allir kjósendur mikils virtir og atkvæðin kærkomin frá konum og körlum.

En þótt ýmsir örðugleikar séu á því, að konur geti myndað sér ákveðnar skoðanir um öll helztu landsmálin, þá er þó altaf til fleira eða færra af málum, sem *allir* skilja, og fleiri eða færri óskir, sem allir hafa eða ættu að hafa, og fleiri eða færri mál, sem ættu að eiga óskiftan áhuga mikils meiri hluta kvenna.

Tökum t. d. sérfræðslu kvenna. Húsmæðrakennara og matreiðsluskólana, sem margar konur víðsvegar um land vilja fá. Eða unglingaskólana og barnaskólana. Alt er þetta í molum og ófullkomleika. Öll okkar alþýðufræðsla og uppeldismál svo sorglega grunn og ófullnægjandi.

Þetta eru þó þau mál, sem konum er í lófa lagt að hafa áhrif á. Bæði beinlínis með atkvæðagreiðslu og kosningum til bæjastjórna, sveita og sýslunefnda og með pólitisku kosningunum.

Undarlegt virðist það samt, að það lítur út sem konur séu sér ekki þess meðvitandi, að alt þetta heyrir undir þær. Nú er ekki tími til að láta alt reka á reiðanum, heldur þarf að taka duglega höndum saman, til að *bæta* ástandið og *breyta* því!

Kosningar fara að öllum líkindum fram snemma í vetur. Til þess að undirbúa þær, þurfa konur allstaðar að koma sér saman um að kjósa kosninganefndir úr sínum hóp. Þessar nefndir ættu svo að vinna að því með ráðum og dáðum, að sem flestar konur *sæktu kosningarnar*, og að einhverjar konur væru á hverjum pólitiskum fundi, sem legðu spurningar fyrir þingmannaefnin, og haldi fram hinum ýmsu ólíku áhugamálum þeirra.

Víðast í löndum þeim, sem veitt hafa konum kosningarrétt, hafa þær stofnað *kosningafélög* um alt land, sem hafa það á hendi, að standa fyrir kosningaundirbúningnum frá kvenna hendi. Safna því fé, sem nauðsynlega þarf til þess, útvega framboð kvenna, ef þær ekki hafa áður gefið kost á sér, eða ef konur hafa óskað eftir að hafa sérstaka lista *að* útvega konum samvinnu við aðra flokka, ef

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

þess hefir þurft með, *að* láta halda fundi, útvega málshefjendur og ræðukonur, og í stuttu máli ráða allri kosningameðferðinni frá kvenna hendi, hvort sem þær hafa verið sér, eða í samvinnu við karlmennina. Og um fram alt, *að* gera alt til þess að fá konur til að *sækja* kosningarnar, með hvaða flokki, sem þær kysu.

Bezt væri, þar sem kvenfélög eru til, að þau gengjust fyrir þessum undirbúningi, og fengju sér til hjálpar sem flestar duglegar konur utanfélaga, til þess að vekja áhuga hjá sem flestum. Þær ættu þar að koma sér saman um að fela þingmannaefnunum að bera fram þau mál, sem þær óskuðu að Alþingi tæki til meðferðar. Á þenna hátt verður kosningaundirbúningurinn *vakningatími* fyrir konur, eins og hann bæði *á* að vera og *þarf* að vera.

Auðvitað ætti Kvenréttindafélag Íslands að hjálpa konum í þessum efnum, með því að senda eða útvega færar konur eða karla, sem héldi fyrirlestra um ýms þjóðfélagsleg mál. Slík fræðsla er nú að komast allstaðar á, og það mest að tilhlutun kvenréttindafélaganna, eða þá einstakra kvenna, sem stutt hafa þessa fræðslu bæði með fé og fyrirlestrum. En því miður eru öll ferðalög hér á landi svo afskaplega erfið og dýr, að mikið fé þarf til að standast þann kostnað. Og þótt það væri nú fyrir hendi, þá eru konur lítt fáanlegar til slíkra ferða. En enginn vafi er á því, að mikil nauðsyn er á slíkri fræðslu. Auðvitað eru ýmsir karlmenn til, sem ágætt væri líka að fá, ef það væri unt, og ef þeir ekki notuðu fræðsluna til pólitiskra æsinga og „agitationa".

Þessar kosningar, sem nú fara fram, eru fyrstu kosningarnar, sem fara fram í hinu unga, fullvalda íslenzka ríki. Nú eiga konurnar að fara að vinna þar sitt pólitiska hlutverk með karlmönnunum. En þessi tímamót eru mjög erfið fyrir okkur. Dýrtíðin og allir þeir erfiðleikar, sem af stríðinu hafa stafað, leggja þungar skyldur og byrðar á alla landsmenn, og mörg vandamál liggja fyrir, sem nauðsynlegt er að ráða fram úr. Til þess þarf *vitra* og *samviskusama* menn. Verið því vandlátar með hverja þér kjósið á þing. Kjósið eins og þér munduð bezt geta gert, ef þér væruð að velja menn til að fjalla um yðar eigin eignir og vandamál. Þingmannsstaðan er mesta trúnaðarstaðan, sem þjóðin hefir að bjóða, og þær stöður verður aldrei of vel vandað í. Alþingi er vor virðulegasta stofnun og ábyrgðarmesta. Það á að vera spegill þjóðarinnar sjálfrar og forsjón hennar líka. *Upp* til þess *viljum* við ætíð geta litið. Niður *má það aldrei dragast.*

Kvennadagur
í Landsþinginu danska.

Kvennadag í Landsþinginu, kallar Kvennablaðið „Kvinden og Samfundet" það, þegar frumvarpið, um aðgang danskra kvenna að öllum embættum og opinberum stöðum var til umræðu þar (efri deild Ríkisdagsins danska). Þar töluðu sem sé þrjár konur, sem framsögumenn 3ja pólitísku flokkanna: Radikalaflokksins, Vinstriflokksins og jafnaðarmannanna. En afturhaldsflokkurinn átti enga konu þar, og varð því að láta sér nægja karlmann til að hafa framsöguna. Konurnar voru þær, Inga Gautier Schmit fyrir Vinstriflokkinn, Marie Hjelmer fyrir Radkalaflokkinn og dr. Nina Bang fyrir jafnaðarmennina.

Allar snerust umræðurnar mest um rétt kvenna til að verða prestar. Um það hefir verið afarmikið deilt um alla Danmörku, bæði í blöðunum, félögum, á fundum og ekki síst í þinginu. Inger Gautier Schmit talaði fyrir vinstriflokk og þakkaði forsætisráðherranum frumvarpið, og að það gerði konum og körlum jafnhátt undir höfði. En hún var óánægð með að frumvarpið hafði ekki aðeins tekið hin borgaralegu embætti og stöður, handa konum jafnt og körlum, heldur einnig hin kirkjulegu. Kvað sig og sinn flokk ekki kæra sig um það að konur kæmust strax að prestaembættum. Málið þyrfti að skýrast betur. Ennþá væri það ekki nógu undirbúið, þó vildi hún ekki láta banna konum þessi embætti með lögum.

Nína Bang talaði fyrir Jafnaðarmannaflokkinn. Hún kvað sig furða á að kirkjulega fólkið færi ekki að eins og aðrir: að reyna að draga svo marga til sín af andlegum kröftum sem unt væri. — Furðaði sig á að kirkjan væri svo auðug, að geta verið án þeirra krafta, sem vildu vinna fyrir hana.

Loks talaði María Hjelmer, framsögumaður Radikalaflokksins, og mælti undantekningarlaust með frumvarpinu. Meðal annars sagði hún í ræðu sinni: Það er fremur raunalegt að standa altaf fyrir framan harðlæstar dyr og komast aldrei inn. Að geta aldrei náð hæðsta takmarkinu. Og okkur konunum hefir fundist það mjög ranglátt að gerður væri þessi munur á kynjunum. Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir; á að opna konunum aðgang að öllum embættum í ríkinu, og með því er aðallega átt við æðstu stöðurnar í stjórnarráðunum, rektorsembættin og dómara, löreglustjóra og presta. — Málinu var vísað til 15 manna nefndar. Í henni voru 4 konur og Hermann Trier, hinn gamli vinur og frömuður kvenréttindamálsins.

——

Það er næsta undarlegt í augum okkar Íslendinga, að sjá og lesa um þá miklu deilu, sem hefir risið út af því að danskar konur eiga að fá aðgang að prestaembættunum. Og það eru ekki einungis dönsku Ríkisdagsmennirnir og karlmennirnir yfirleitt, sem mótmæla því og færa allskonar fánýtar og hlægilegar ástæður gegn því, heldur eru það einnig margar konur sem fylla þann flokk líka. — En flest nýmæli fá einhverja mótstöðu, og það vakti líka megna mótspyrnu að konur færu að stunda læknisfræði og tækju svo embætti á eftir. Jafnvel við fyrsta spítalann í París, sem konur fengu leyfi til að ganga á, meðan þær stunduðu læknisnám, fengu þær ekki aðgang að kvensjúkdómadeildunum, og mundi flestum finnast það kynlegt nú, að kvenlæknaefnum væri bönnuð aðganga um þær deildir til að kynnast sínum eigin og kynsystra sinna sjúkdómum. — Þannig fer það og eflaust með tímanum, að þá skilja menn ekki að nokkurn tíma hafi verið mælt móti því að konur stæðu á prédikunarstólnum til að boða guðs orð, að þær vitjuðu sjúkra og deyjandi sem sálusorgarar, og að þær uppfræddu börnin til fermingar. Slíkt mun mönnum þá finnast eðlileg störf, einmitt fyrir *konur*.

Aldur foreldranna og heilsufar barnanna.

Um áhrif þau, sem aldur foreldranna hefir á heilsufar barnanna skrifar dr. O. G. í Hygecia:

„Hagfræðin og tölur hennar geta oft verið reglulega miskunnarlausar, því þær tæta oft sundur allar hugsjónir. Hagfræðin vill gera manneskjuna alveg óháða tilfinningum sínum og setja hana algerlega undir herravald skynseminnar. Hún segir t. d. með þurrum tölum: Ef þú vilt að börnin þín verði hraust á líkama og sál, svo að þau geti staðist hættur og mótblástur lífsins, þá máttu ekki blint fylgja bendingum hins hrekkjótta Amors, heldur velja þér þá fylgikonu á lífsleiðinni, sem bezt er í hæfi við aldur þinn og líkamsbyggingu.

Á síðustu árum hefir einkum aldur foreldranna í sambandi við heilsufar barnanna verið mikið hagfræðilegt athuganarefni. Eftir þeim athugunum eru *veikluðustu* börnin venjulega fædd af yngstu mæðrunum, og *hraustustu* börnin eiga 30—40 ára feður.

Í hjónaböndum þar, sem konan er nokkrum árum eldri en maðurinn, virðist það engin áhrif hafa á heilsufar barnanna, en ef faðirinn er mikið eldri en móðirin, þá hefir það óheppileg áhrif á hvað börnin lifa lengi. Bezt er það fyrir heilsufar barnanna, að móðirin sé milli 20—30 ára og faðirinn 10 árum eldri. Óheppilegra virðist það ef hann er að mun yngri, eða t. d. 20 árum eldri. Sérstaklega athugavert virðist það fyrir langlífi barnanna í hjónbandinu þegar maðurinn hefir gifst kornungri móður, innan 20 ára. Þetta ber oft við hjá verkamönnunum, og stuðlar áreiðanlega að hinum mörgu dauðsföllum meðal barna þeirra. Niðurstöðuna af þessum útreikningi og rannsóknum sýnum vér bezt með eftirfylgjandi setningum:

Stúlkur eiga ekki að giftast eða eiga börn innan 20 ára.

Konur innan 30 ára ættu helzt ekki að giftast mönnum yfir 50 ára gömlum.

Konur, sem eru komnar fyrstu árin yfir þrítugt, ættu ekki að giftast ungum mönnum sem væri undir 30 ára aldri.

Gamlir menn ættu ekki að giftast ungum stúlkum og alls ekki undir 20 ára aldri.

Menn, sem eru yfir 50 ára gamlir ættu aðeins að velja sér konu, sem væri minst 30 ára gömul.

Karlmenn frá 20—30 ára ættu ekki að giftast konum, sem komnar væru yfir 30.

Oftast falla þessar niðurstöður hagfræðitalnanna saman við venjuna, þótt stöku sinnum beri út af því. En ennþá einusinni má sú staðreynd takast fram og undirstrykast, að af mörg þúsund tilfellum, eru lengnar óhrekjandi sannanir fyrir því, að börn kornungra mæðra, innan tvítugs aldurs, eru lang verst útbúin í tilliti til lífskrafts óg langlífis, af öllum mannanna börnum.

Þrjú mikilsverð lagafrumvörp.

Já, þrjú *mikilsverð* lagafrumvörp voru lögð fyrir Alþingi 1919, þar sem um þau þrjú frumvörp úr fjölskyldulöggjöfinni er að ræða, sem heita:

Frumvarp til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frumvarp til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og

Frumvarp til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Þessi frumvörp öll voru lögð fram í byrjun þingsins í sumar, og síðan fleygt þar í nefnd, sem lög gera ráð fyrir. En — síðan hefir ekkert spurst til þeirra. Eflaust hafa þau því veslast þar upp, og ástæðuna til þess liggur næst að ætla áhugaleysi og fáfræði nefndarinnar sjálfrar.

Flestum, sem nokkuð hugsa um þessi mál, mun finnast tími kominn til að endurskoða fjölskyldulöggjöfina, enda hafði Alþingi 1917 lagt stjórninni fyrir, að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi nokkur af þeim lögum, sem undir þennan lagabálk heyra.

Og landsstjórnin varð við áskorun Alþingis. Lög þessi eru samin og undirbúin af þeim prófessornum, sem einmitt á mest að fjalla um þessa löggjöf, og því er henni vitanlega kunnugastur. Frumvörpin eru síðan yfirlitin af stjórnarráðinu og lögfræðisdeild háskólans. Því mætti vænta, að alt væri nú í góðu lagi og Alþingi sjálft uppfylti *sína* skyldu: að láta þessi lagafrumvörp ganga sinn lögboðna gang gegnum þingið, taka þar þeim breytingum, sem nauðsynlegar kynnu að þykja, og síðan annaðhvort verða samþykt eða felld.

Nei — en svo mikið hefir ekki verið haft við þau. Þingið *þegir* þau í hel.

Í 2. tbl. „19. júní", í sumar, hefir ritstjórinn tekið þetta mál til umræðu og finnur mjög að því, að konum skuli ekki gefinn kostur á að láta sitt álit í ljósi um þessi frumvörp, sem séu svo yfirgripsmikil, að ef gera skuli samanburð á þeim og gömlu lögunum um sama efni, þá taki sá samanburður alllangan tíma fyrir ólögfróða menn. Reyndar segir ritstjórinn rétt áður, að „enginn efi virðist á því, að vér megum vel við una þá meðferð, er lagasmíð þessi hefir sætt hjá oss, þar sem farið hafi verið eftir þeim niðurstöðum, sem þær þjóðir, er oss eru réttarfarslega skyldastar, hafa komist að fyrir nákvæma athugun hæfustu manna, þar sem fult tillit var tekið til óska kvenna — þá hafi heppilegasta leiðin verið farin, að fela *einum manni* á hendur að sníða þessi íslenzku lagafrumvörp sem mest eftir norrænu fyrirmyndinni —, manni, sem stöðu sinnar vegna mátti teljast sjálfkjörinn til verksins".

En — þrátt fyrir þetta álit og yfirlýsingu ritstýrunnar, þá finst henni þó að ekki sé óhætt að sleppa frumvörpunum fram úr þinginu, nema við íslenzku konurnar höfum yfirfarið þau og að líkindum endurbætt. — *Við*, með alla okkar miklu lagaþekkingu, getum auðvitað fljótlega sett okkur inn í þau, og tekið þar öll þau tillit til greina, sem nauðsynleg eru í þessum vandasömustu og viðkvæmustu málum einstaklinganna. Við værum svo sem ekki lengi að leiðrétta þá galla á þeim, sem prófessor L. H. Bjarnason, lagadeild háskólans og stjórnarráðið hefðu ekki komið auga á. Einkanlega ef við legðum allar saman á stórum og fjölsóttum sumarfundum — eða í blöðunum — um sláttinn. —

Og svo er það einkum Kvenréttindafélagið, sem ritstjórinn ávítar fyrir þá „ófyrirgefanlegu deyfð", að boða ekki einu sinni til umræðufundar um þessi mál, til þess að skýra fyrir konum efni þeirra og breytingarnar frá núgildandi lögum. — Eða að minsta kosti að láta þær vita, að þau væru á ferðinni. —

Dálítið einkennilegur virðist samt þessi áhugi og vandlætingarsemi í þessu máli, einmitt frá frk. Ingveldi Láru Lárusdóttur. Hún veit þó víst, að áður en Kvenréttindafélagið boðaði til fundar um þetta mál sérstaklega, í júní 1917, og nokkur önnur mál, sem aðallega viðkomu bænum, þá var leitað eftir þátttöku bæði hennar og ýmsra annara kvenna úr stjórn hins nýstofnaða „Bandalags" Reykjavíkur kvenna, til að koma á fundinn og taka þátt í umræðunum, af því stjórn Kvenréttindafélagsins leit svo á, að með því væri trygð þátttaka þeirra félaga, sem að Bandalaginu stóðu, í fundinum, og að Bandalagið eftir eðli sínu og sambandslögum ætti að styðja öll þau mál, sem sambandsfélögin gengust fyrir. En það fór eins og í dæmisögunni, að þær afsökuðu sig allar, — frá að tala þar eitt orð. Fæstar af þeim sóttu einu sinni fundinn. Fundurinn var innleiddur með umræðum um hvað núverandi hjónabandslöggjöf væri úrelt og ófullkomin og rangiát, tekin fram dæmi um það og áskorun til Alþingis borin upp og samþykt, án þess að hvorki frökен Inga L. Lárusdóttir né nokkur önnur kona talaði þar eitt orð, að undantekinni frú Guðrúnu Pétursdóttur og málshefjandanum. Og þegar nú engin af þeim konum, sem helzt hefði mátt vænta að hefðu áhuga og skilning á þessum málum, tóku þá til máls — og jafnvel margar þeirra sóttu ekki fundinn, þá gat Kvenréttindafélagið naumast vænst þess, að þær hefðu tekið svo miklum breytingum með áhuga á þessum málum, að þær mundu nú vilja ræða það með Kvenréttindafélaginu, fremur en 1917. Auk þess vita allir, að ef erfitt er að koma á almennum kvennafundi í júní, þá er næsta ólíklegt, að það sé mögulegt að sumrinu, í júlí eða ágúst, þegar alt fólk, sem getur hreyft sig, er farið burt úr bænum.

Það bregður því nokkuð undarlega við með þennan nýja áhuga frk. I. L. L. á þessu máli, sem kemur aðallega í ljós með því að bregða fæti fyrir þessi frumvörp. Því tillagan um að fresta málinu getur varla skoðast öðruvísi, hvort sem hún nú kemur frá Bandalaginu eða ritstýru 19. júní. Vitanlega mun það ekki þurfa að teljast áhrifum Bandalagsins eða 19. júní að kenna, þótt frumvörpin hafi dagað uppi hjá nefndinni í þinginu, því það hefir áreiðanlega verið ákveðið áður en þessi neikvæði áhugi þeirra kom í ljós. En aðferðin í málinu var samt óheppileg. Tíminn frá því frumvörpin birtust, nægur til að kynnast þeim. Auðvitað gat hér ekki verið um neinn gagngerðan samanburð að ræða frá kvenna hendi. Til þess vantar okkur íslenzku konurnar nauðsynlegustu skilyrðin, nfl. kven-sérfræðinga í þessum fræðum. En með því nú að frk. I. L. L. hefir viðurkent, *að* þessi frumvörp séu sniðin eftir þeim lögum og frumvörpum frændþjóða vorra, sem séu oss réttarfarslega skyldastar, og *að* um þá löggjöf hafi fjallað beztu sérfræðingar þeirra þjóða, af konum og körlum, — *að* þar hafi fult tillit verið tekið til óska kvenna og *að* því hafi verið rétt að fela *einum* manni að vinna úr þessu og semja eftir því þessa íslenzku fjölskyldulöggjöf, og *að* valinn hafi verið til þess *sá* maður, sem stöðu sinnar vegna hafi verið sjálfsagður, þá virðist nægileg trygging fengin fyrir því, að öllum *aðaldráttunum* í þessari sameiginlegu löggjöf Norðurlanda sé einnig fylgt hér, enda segir svo einnig í inngangínum, að hér sé nánast um þýðingu að ræða.

Hvað hinum einstöku atriðum viðvíkur, þá verða þau ætíð meira álitamál. Þar kemur svo margt annað til greina og margt, sem bindur hvað annað. Og þó einhver smærri atriði væru, sem oss konunum væri ekki að skapi, þá mundi það heppilegri aðferð, að reyna að fá nefndina til að breyta þeim, en að vekja deilur um þau á fundum eða í blöðum, þar sem þau væru slitin út úr samhengi laganna, og þar sem oss vantaði gjörsamlega stærsta skilyrðið til að geta gagnrýnt þau rækilega, sem sé kvenlega sérfræðinga. Þar í liggur sá mikli munur á aðstöðu okkar og hinna Norðurlandaþjóðanna. Hjá þeim hafa konur, sem voru jafnsnjallar nefndarmönnunum, unnið að tilbúningi laganna og síðan skýrt þau í riti og ræðum fyrir konunum, ef þeim hefir verið hreyft opinberlega. Þessi skilyrði eigum við ekki. En þau fáu atriði, sem kunna

að vera breytt konum í óhag, ef nokkur eru, ætti að mega fá nefndina til að laga. Við ættum allar fremur að vilja greiða fyrir þessum málum og ýta þeim áfram, en leggja stein í götu þeirra, og ef til vill eyðileggja þau að meira eða minna leyti með því.

Ritstjóri 19. júní getur ekki með réttu brugðið Kvenréttindafélaginu um að það hafi ekki einu sinni látið vita af því, að þessi frumvörp voru á ferðinni. Kvennablaðið hefir oftar en einu sinni getið um það. 19. júní voru líka eflaust send frumvörpin þegar eftir heimkomu forsætisráðherrans í júní, svo þar hefði ritstjórinn þá að sjálfsögðu bæði getað og átt að geta um þau og birta kafla úr þeim, ef henni fanst það svo nauðsynlegt, að umræður og birting þeirra opinberlega yrði fram að fara áður en Alþingi tæki þau til meðferðar og afgreiðslu. En það yrðu þá einu lögin, sem slíkri meðferð væru skyld að hlíta, og getur það verið vafasamt, hvort það yrði heppilegt fyrir úrslit þeirra — og fyrir konurnar í heild sinni.

Eiga konurnar að mynda hlutlausan flokk?

Síðan konurnar hafa fengið pólitiska kosningarréttinn og kjörgengið víða um lönd hafa þær farið að taka meiri þátt í stjórnmálunum og víða sótt kosningarnar af mesta kappi. Þannig má segja að í Noregi hafi konur sótt þær ágætlega frá því þær fengu hann. En með þessari hluttöku þeirra í pólitíkinni hafa þær fengið margháttaða reynzlu og lært mikið af henni. T. d. eru þær nú farnar að sjá að meðan kosningarlögin eru eins og þau eru þar (að kosið er í eins manns kjördæmum), þá *geta* konurnar *aldrei* komist að sem þingmenn. Karlmennirnir kjósa *sína* kandídata, en setja þær svo neðarlega á lista, eða stryka þær út, svo þær komast ekki að.

Og hingað til hafa konurnar unnið saman við pólitísku flokkana. Þar verða þær að hlýða flokksaganum, sem heldur jafnan konunum niðri. Þær eru víða lítið teknar þar til greina, nema rétt fyrir kosningarnar. Atkvæði þeirra þykja ágæt, ef þau falla á þá, sem flokksstjórnin hefir útvalið.

En það er einmitt *þetta*, sem nú er farið að gera margar kvenréttindakonur áhyggjufullar, því haldi þessu áhrifaleysi kvenna áfram í pólitísku flokkunum, hvað verður þá af þeirra bætandi áhrifum á löggjafarvöldin? Og hvernig fara þær þá að vinna það hlutverk, sem hugsjónamennirnir hafa ætlað þeim og *trúað* að þær mundu gera. Þessi bætandi áhrif þeirra á þingin og hvervetna annarsstaðar, verður þá aðeins óuppfyllt ósk og heilaspuni. Einmitt af öllu þessu eru ýmsar konur farnar að spyrja sig hvort ekki mundi rétt og ráðlegt fyrir konur að mynda nú nýjan hlutlausan flokk, bæði af konum og körlum, sem ekki vildu leggja sannfæringu sína undir flokksstjórnirnar, heldur fylgja henni og breyta eftir henni.

Ellen Key, hin stórmerka svenska rithöfundur ritar um þetta mál í sænska kvenréttindablaðið „Rösträtt för Kvinnor". Hún ætlast til að það verði beztu konurnar og karlmennirnir, heiðarlegasta fólkið, hugsjónamennirnir, sem myndi þenna flokk, sem hún býst við að verði lítill í fyrstu.

Ellen Key finst að hugsjónir fyrstu kvenréttindakvennanna, að *bæta* pólitíska ástandið með hluttöku kvennanna, sé nú langt frá að komast í framkvæmd. Fjöldinn af konum gangi nú inn í pólitísku flokkana, og fylgi foringjunum, en ekki sannfæringu eða samvizku sinni. Flokksaginn sé svo sterkur að ekki tjái í móti að mæla. Hlutlausi eða sjálfstæði flokkurinn, sem hún vill mynda af körlum og konum, ætlast hún til að fari aðeins eftir samvizku sinni og sannfæringu. Hún segir:

„*Myndið sjálfstæðan flokk.* Ekki kvennaflokk, heldur flokk sem innibindur *bæði* konur og karla. Þær konur og þá karla sem fyrst og fremst vilja vera *manneskjur*, frjálsar að hugsa og velja persónulega, sem greiða sjálfstæð atkvæði, sem ekki eru bundin við stefnuskrá foringjanna. Manneskjur, sem breyta líka í pólitík eftir sinni eigin margreyndu sannfæringu. Manneskjur sem standa *yfir* skipunum flokkanna, og hlýða þeim ekki, heldur einungis boðum samvizku sinnar. —

Hún segir að þessi flokkur verði í fyrstu fámennur, en svo hafi einnig margir flokkar byrjað tilveru sína. Hinir voldugu jafnaðarmenn í Svíþjóð, sem nú eru, hafi aðeins byrjað með *einum* fulltrúa í þinginu.

Hvernig þessi flokkur á að vera, lýsir hún með þessum orðum:

Þessi sjálfstæði, hlutlausi flokkur, á ekki að vera sama sem hringlandar, sem hringla í allar áttir. Í honum mega ekki vera neinir liðhlaupar, eða jábræður, eða vikasveinar allra. Þeir verða að eiga *skýra*, *ákveðna* drætti í öllum stórmálum, sem nú ráða, eða skilja á milli flokkanna. En að frádreginni þessari *aðallínu*, verða flokksmeðlimirnir að hafa sitt persónulega frelsi til að hafa skoðanafrelsi og *kosningafrelsi*, *réttinn* til að fylgja *samvizku* og *sannfæringu* sinni, sem nú er útilokað í öllum pólitískum flokkum. Meðal þeirra geta verið menn, sem í einu máli greiða atkvæði með jafnaðarmönnum, öðru með afturhaldsmönnum, og því þriðja með gerbreytendum (Radikölum), án þess að verða liðhlaupar úr sínum flokki né frá sinni eigin stefnuskrá, því hennar *fyrsta boðorð er*: að breyta aldrei móti samvizku sinni.

En til þess að slíkur flokkur geti staðist, þarf mikla pólitizka fræðslu og þroska. Menn verða að vita og skilja hvað þeir gera, og hvaða afleiðingar það hefir fyrir land og lýð.

Siðir.

Miðdegisborðið.

Hvergi sést það jafnfljótt og við miðdegisborðið hvort fólk er vant samkvæmissiðunum. Þessvegna skulu hér gefnar nokkrar smábendingar, sem ýmsum gæti orðið til leiðbeiningar, þótt samkvæmisvönu fólki kunni að finnast þær óþarfar.

Þegar einhver dama hefir fengið sæti við miðdegisborðið í samkvæmi, þá á hún að draga hanzkana af sér, taka servíettuna og breiða hana á kjöltu sína, og leggja brauðið, sem innan í henni er, vinstramegin við diskinn, því það er hægast. En séu hanzkarnir þröngir og erfitt að ná þeim af sér, þá verður helst að taka servíettuna fyrst af diskinum svo hún verði ekki fyrir súpudiskinum. Þegar hann kemur.

Loðskinnavara

fyrir dömur

í

Nýju verzluninni,

Hverfisgötu 34.

Súpan borðast með skeið, en vitanlega má ekki bera hana upp í munninn nema frá hliðinni á blaðinu. Ástæðan til þess að stórar skeiðar eru notaðar við súpuna er sú, að sá litli súpuskamtur, sem venjulegt er að bera fram í samkvæmum, kólnar fljótt í köldum diski, en af því súpan er bragðbest heit, þá á hún að borðast fljótt, og það gengur fljótar með stórri skeið en lítilli.

Af fiski eru venjulega borðaðir litlir skamtar í samsætum, og menn eiga aðeins að taka eina tegund á sama diskinn.

Ef skelfiskur (Östers) er á matseðlinum, sem hér er sjaldgæft, þá er hann borinn fram á undan súpunni, og borðast með venjulegum gaffli, en ekki með fiskigaffli. Skelfiskurinn er þá tekinn úr skelinni með vinstri hendi, og er etinn heill, en ekki skorinn í sundur í bita. Í stórri miðdegisveizlu, þar sem margir réttir eru bornir fram, þurfa ungar stúlkur ekki endilega að eta af þeim öllum. Þær geta, án þess að hneyksla nokkurn, látið eitthvað af þeim fara fram hjá sér.

Flestir forréttirnir eru étnir með gaffalnum einum. En við kjötsteikur, kótelettur o. s. frv., sem bitast sundur á diskinum, nota menn bæði knif og gaffal.

„Asparges" borða margir eldri karlmenn enn þá eins og siður var í ungdæmi þeirra, með því að halda með fingrunum í endana á þeim og bíta svo af þeim eftir þörfum. En dömur mega það ekki, heldur borða þá með knif og gaffli.

Aldrei má bera knifinn upp í munninn, og þótt sósa sé á diskinum, þá skal að eins þerra hana upp með síðustu bitunum, þótt smáir séu, og síðan láta þá með knifnum upp á gaffalinn og eta þá svo af honum.

Aldrei skal taka í einu stóra skamta af neinu á diskinn, heldur bæta við sig þegar fyrsti skamturinn er búinn.

Vandlega skal varast að láta of mikla sósu út á nokkurn mat. Það er ljótt, og óþörf eyðsla.